

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN	
Dags. móttöku:	29. sept. 2017
Afhent til:	F.P.1
Bréfalykill:	13.2.2
Málsnúmer:	17-10-03



**Póst- og fjarskiptastofnun
b/t Friðriks Péturssonar
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík**

Reykjavík, 28. september 2017

Efni: Tilkynning um fækkun dreifingardaga bréfapósts

Af hálfu Íslandspósts hefur sú ákvörðun verið tekin að fækka dreifingardögum bréfapósts þannig að hvert heimili í þéttbýli fái til sín bréfapóst annan hvern dag með þjónustustig D+3.

Í reglugerð nr. 595/2017 um breytingu á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd póstpjónustu nr. 364/2003 er kveðið á um að heimilt sé að fækka dreifingardögum niður í allt að tvo virka daga í viku ef kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindra hagkvæma dreifingu. Með kringumstæðum er m.a. átt við að:

1. eftirspurn almennings og fyrirtækja á þjónustu innan einkaréttar hafi minnkað verulega og er ekki í samræmi við framboð þjónustunnar,
2. hætta er á, við óbreytt þjónustustig, að þjónustan verði almenningi ekki viðráðanleg, í skilningi 4. mgr. 16. gr. laga um póstpjónustu.

Rekstrarumhverfi Íslandspósts hefur breyst mikið á síðustu árum. Á sama tíma og íbúðum hefur fjölgað talsvert og kostnaður við dreifingu þar með hefur minnkandi eftirspurn valdið miklum samdrætti í magni almenns bréfapósts. Þessi þróun veldur sífellt hærri einingakostnaði í dreifingu sem þrýstir verði upp. En eins og kunnugt er hefur, vegna magnminnkunarinnar, á síðustu árum reynst nauðsynlegt að hækka verð bréfapósts innan einkaréttar verulega umfram eðlilegar kostnaðarhækkanir. Í skýrslu starfshóps á vegum fjármálaráðuneytis um mat á rekstrarskilyrðum Íslandspósts frá árinu 2014 (bls. 8) kemur m.a. fram að til að halda úti óbreyttu dreifikerfi og miðað við tilteknar forsendur um magnminnkun þurfi að hækka verð bréfapósts verulega á næstu árum. Leiða má líkum að því að það endi með því að þjónustan verði „almenningi ekki viðráðanleg“. Ennfremur er ljóst að hætta er á því að hinar miklu verðhækkanir geta haft neikvæði áhrif á eftirspurn með tilheyrandi óhagkvæmni í rekstri félagsins.

Þetta hefur jafnframt haft töluverð áhrif á rekstrarafkomu Íslandspósts sem hefur verið óásættanleg á síðustu árum en nauðsynlegur árlegur hagnaður til að standa undir skuldbindingum og endurnýjun rekstrarfjármuna er um [Fjarlæggt vegna trúnaðar] en töluvert hefur vantað upp á það á síðustu árum.

Íslandspóstur hefur náð að bregðast við magnminnkuninni að einhverju leyti með breytingu á dreifingarfyrríkomulagi sem fellst í svonefndri XY dreifingu, notkun rafknúinna þríhjóla í dreifingu,

almennri hagræðingu auk hækkunar verðskrár. Engin merki eru um annað en að þessi þróun haldi áfram og því er þörf á enn frekari aðgerðum og sem næsta skref horfir Íslandspóstur til fækkunar dreifingardaga í samræmi við heimild í ofangreindri reglugerð.

Eftirspurn eftir almennum bréfaþósti á Íslandi hefur minnkað mikið á síðustu árum og sömu þróun má sjá um allan heim. Erlend pósthyriræki eru þegar búin að gera eða eru nú að undirbúa breytingar á þjónustu vegna þessa. Þar má m.a. nefna Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Finnland og Ítalíu.

Í könnun sem Boston Consulting Group gerði fyrir IPC „The postman always brings twice, receiver-driven transformation of the mail business model“ í mars 2011, kemur minnkandi eftirspurn fram. Sambærilegar meginniðurstöður fengust úr íslenskri könnun sem Maskína gerði fyrir innanríkisráðuneytið um viðhorf til pósthjónustu í apríl 2012. Ennfremur fengust sambærilegar niðurstöður í könnunum sem Maskína gerði fyrir Íslandspóst í september 2015 og í júní 2017. Í öllum könnunum kemur fram minnkandi eftirspurn eftir almennum bréfaþósti og minni þörf á daglegum útburði og ættu þær niðurstöður ekki að koma neinum á óvart.

Á sama tíma og eftirspurn hefur minnkað hefur íbúðum fjölgað. Fjöldi íbúða hefur bein áhrif á umfang dreifingar og þar með dreifingarkostnað og sem dæmi má nefna að íbúðum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um 31% frá 2000-2016 og 10% frá 2007-2016.

Fjölgun íbúða ásamt fækkun sendinga þýðir að færri sendingar eru í hverri afhendingu og þar með hefur kostnaður við hverja einingu aukist. Við þessu er erfitt að bregðast nema með hækkun verðs eða með því að fækka dreifingardögum til að auka fjölda sendinga í hverri afhendingu og um leið að lækka heildarkostnað við dreifingu.


Með vísan til ákvæða 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 595/2017 hefur af hálfu Íslandspósts verið tekin sú ákvörðun um að fækka dreifingardögum þannig að hvert heimili í þéttbýli fái til sín bréfaþóst annan hvern dag með þjónustustig D+3. Útfærsla dreifikerfisins verður sú sama og hefur verið notuð í nokkur ár með dreifingu B pósts (D+3) með XY fyrirkomulagi. Þannig er póstur flokkaður og unninn daginn eftir póstlagningu, næsta dag þar á eftir er dreift til helminga heimila og á þriðja degi eftir póstlagningu er dreift í hinn helming heimila. Í dreifikerfi Íslandspósts í dag er stærstum hluta bréfa dreift sem B pósti í þéttbýli og að öllu leyti sem B pósti í dreifibýli. A póstur (D+1) er 31% af póstmagni innan einkaréttar en ef heildarbréfamagn er tekið er hlutfallið [*Fjarlæggt vegna trúnaðar*] þar sem ekki er boðið upp á B póst í þyngri bréfasendingum.

Eftir þessa breytingu mun Íslandspóstur einungis bjóða upp á eitt þjónustustig innan alþjónustu í almennum bréfaþósti. Með þessu næst fram sparnaður í dreifikerfinu með lækkun kostnaðar í þeim hluta vinnslu og dreifingar sem hefur snúið að A pósti aðallega í dreifikerfum bréfa og við vinnslu í Póstmiðstöð. Einnig er reiknað með tekjulækkun, [*Fjarlæggt vegna trúnaðar*]. Kostnaðarlækkunin er metin á [*Fjarlæggt vegna trúnaðar*] og tekjulækkunin samtals um [*Fjarlæggt vegna trúnaðar*] Nettó áhrif af breytingunni eru því metin um [*Fjarlæggt vegna trúnaðar*] í afkomubata. Í viðauka 1 eru nánari tölulegar upplýsingar.

Íslandspóstur mun áfram bjóða upp á D+1 þjónustu í formi rekjanlegra bréfa og mun væntanlega taka upp sérstaka vöru, svokallað hraðbréf, með D+1 þjónustu ef eftirspurn er eftir slíkri vöru og unnt sé talið að reka þjónustuna með viðunandi hagnaði.

Með vísan til 5. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 595/2017 er Póst og fjarskiptastofnun hér með tilkynnt að Íslandspóstur hyggst breyta þjónustustigi í samræmi við ofangreint frá og með 1. febrúar 2018.

Virðingarfyllst,
f.h. Íslandspósts


A handwritten signature in black ink, reading 'Tryggvi Þorsteinsson', written over a horizontal line.

Tryggvi Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

Viðauki 1. Tölulegar upplýsingar

Magnþróun bréfapósts


Eftirspurn eftir almennum bréfapósti hefur minnkað verulega. Sem dæmi má nefna að almennum bréfum innan einkaréttar fækkaði um 54% á tímabilinu 2000 til 2015 og 47% á tímabilinu 2008 til 2015 (miðað við tölur í lok árs). Þessi magnminnkun ásamt fjölgun íbúða hefur haft veruleg áhrif á rekstrarumhverfi Íslandspósts.



Þróun íbúðafjölda

Á tímabilinu 2000 til 2016 hefur íbúðum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað um 31% og á tímabilinu 2007 til 2016 hefur fjölgunin verið um 10%.

Fjöldi íbúða hefur veruleg áhrif á dreifingarkostnað pósthafnartækja.



(Tölur eru fengnar af vef Þjóðskrár: <https://www.skra.is/markadurinn/talnaefni/fjoldi-ibuda/>)

Áhrif á tekjur

Mat á tekjuáhrifum byggir á tekjuspá Íslandspósts. *[Fjarlæggt vegna trúnaðar]*

[Fjarlæggt vegna trúnaðar]

[Fjarlæggt vegna trúnaðar]

[Fjarlæggt vegna trúnaðar]

Sparnaður

Tölur um sparnað eru byggðar á útreikningum og mati stjórnenda á áhrifum breytinganna og byggja að miklu leyti á reynslu af innleiðingu XY fyrirkomulags í dreifingu. Heildar sparnaður er áætlaður vera í kring um *[Fjarlæggt vegna trúnaðar]* sem liggur fyrst og fremst í dreifikerfum bréfa og að hluta til við vinnslu í Póstmiðstöð.

Sparnaðurinn skiptist sem hér segir:

Dreifing á höfuðborgarsvæði: *[Fjarlæggt vegna trúnaðar]*

Dreifing á landsbyggð: *[Fjarlæggt vegna trúnaðar]*

Póstmiðstöð: *[Fjarlæggt vegna trúnaðar]*